



29. stjórnarfundur LH 13. júní 2018 kl. 19:00 símafundur

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson, Jóna Dís Bragadóttir, Helga B. Helgadóttir, Ólafur Þórisson, Andrea Þorvaldsdóttir, Haukur Baldvinsson úr aðalstjórn. Stefán Ármannsson úr varastjórn.

1. Formaður setur fund

2. Dómaralisti GDLH og ósk LM2018 um yfirdómara.

LÁH formaður fer yfir fundarefnin sem eru;

- a. Framlagður listi yfir gæðingadómarara á Landsmóti
- b. Formleg beðni framkvæmdastjórnar Landsmóts 2018 um yfirdómara.

Formaður ber fram áður framkomna tillögu sem hljóðaði á þann veg að taka einn dómara út af listanum og setja inn nafn Sigurðar Emils Ævarssonar í staðinn. Sigurður verði tilnefndur sem yfirdómari. Fordæmi er fyrir því að framkvæmdastjórn LM óski eftir ákveðnum yfirdómara og var það samþykkt í því tilfelli. Fundarmenn allir samþykkir þessari tillögu.

LÁH lagði fram tillögu sem hann taldi að gæti verið til sátta. Niðurstaða stjórnar var að réttara væri að verða við tillögu mótshaldara LM2018.

Formaður mun fara með erindið inná fund dómaranefndarinnar sem boðaður hefur verið síðar þennan sama dag.

Stjórn LH hafði óskað eftir rökstuðningi GDLH vegna neitunar þeirra á erindi LM2018. Það svar barst stjórninni þann 12. júní en stjórnarmönnum þótti það almennt ófullnægjandi.

Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið um 19:30.

Fundargerð ritaði Helga B Helgadóttir.